

Mógilsá 30. 01. 2014

Efni: Umsögn starfsmanna Rannsóknastöðvar skógræktar – Mógilsá (Rannsóknasviðs Skógræktar ríkisins) um tillögu til þingsályktunar um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu (211 mál).

Starfsmenn Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá fagna þingsályktunartillögu til stuðnings skógræktar í landinu. Hún er í góðu samræmi við nýja stefnumörkun í skógrækt, *Skógar á Íslandi: Stefna á 21. öld¹*, en þar er lögð áhersla á að stuðla að uppbyggingu skógarauðlindar á Íslandi, í þágu byggðar, atvinnulífs og umhverfis. Starfsmenn fagna sérstaklega a. liði tillögunnar; því markmiði að stórefla hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt með áherslu á framleiðslu viðarafurða, framleiðni og arðsama skógrækt. Frá stofnun Rannsóknastöðvarinnar árið 1967, hefur þar verið unnið að slíkum rannsóknum og þróunarstarfi og munum við leggja okkar að mörkum til að framhald verði þar á.

Starfsmenn gera ekki tillögur um breytingar á þingsályktunartillögunni en benda þó á tvö atriði sem röksemdir fyrir því að þingsályktunin nái fram að ganga:

(1) Viðarhræfni: Eftirspurn eykst og verð hækkar á heimsmarkaði, einkum í Evrópu.

Trjáviður (viðarafurðir) standa nú undir um helmingnum af þeirri endurnýjanlegu orku sem notuð er í Evrópulöndum². Í sumum löndum, s.s. Póllandi og Finnlandi, er allt að 80% af spurninni eftir endurnýjanlegri orku mætt með trjáviði. Jafnvel í Þýskalandi, þar sem stjórnvöld hafa mjög eflt nýtingu sólar- og vindorku á kostnað kjarnorku og jarðefnaeldsneytis undanfarin ár, er þetta hlutfall 38%. Vegna stefnu ESB um að árið 2020 verði 20% af allri orkuþörf sambandsríkja mætt með endurnýjanlegri orku, stóreykst eftirspurn eftir viðarlífmassa og verð á trjáviði á heimsmarkaði fer að sama skapi hækkandi. Sem dæmi má nefna að ESB-lönd nýttu 13 milljónir tonna af viðarköggjum (e. wood pellets) árið 2012, en áætlað er að sú tala muni hækka í 25-30 milljónir tonna fyrir árið 2020. ESB-löndin geta engan veginn mætt þessari auknu eftirspurn með innanlandsframleiðslu aðildarríkjanna og þurfa því að flytja inn hræfnið frá löndum utan sambandsins, einkum frá Bandaríkjunum og Kanada. Sá innflutningur jókst um 50% á árinu 2010 og talið er að hann muni fimm- eða sexfaldast, úr 10-12 milljónir tonna í 60 milljónir tonna, fyrir árið 2020.

Á sama tíma er vaxandi spurn eftir viðarafurðum á Íslandi, einkum viðarkurli fyrir kísiliðnað sem að mestu er nú mætt með innfluttu og sífellt dýrara hræfni. Járblendiverksmiðja Elkem Ísland á Grundartanga notar nú allt að 30.000 tonn af viðarkurli árlega. Á árinu 2013 notaði fyrirtækið um 28.000 tonn sem skiptist þannig að 21.000 tonn voru flutt inn frá Kanada, 6.000 tonn voru úrgangstímur frá Sorpu og 1.500 tonn komu úr grísjun á íslenskum skógum. Fyrirtækið hefur starfsleyfi fyrir sólar kísilvinnslu á Grundartanga. Með þeirri viðbót við starfsemina myndi þörf verksmiðjunnar fyrir viðarkurl aukast í a.m.k. 38.000 tonn á ári. Til að mæta núverandi eftirspurn

¹ <http://www.skogur.is/media/ymislegt/Stefna-skogar.pdf>

² „Evrópa hrópar á eldivið - Hratt vaxandi þörf fyrir trjávið til brennslu“ Vefur Skógræktar ríkisins 29. jan. 2014. <http://www.skogur.is/um-skograekt-rikisins/frettir/nr/2024>

verksmiðjunnar fyrir viðarkurl úr íslenskum skógum þyrfti 40.000 – 50.000 rúmmetra af trjábolum árlega og yfir 60.000 rúmmetra á ári ef sólar kísilverksmiðjan verður reist. Á næstu árum er áformað að reisa tvær nýjar kísilmálmverksmiðjur á Ísland (á Húsavík og í Helguvík). Báðar munu þær nýta trjávið í framleiðsluferli sínu³. Til þess að innlend framleiðsla geti mætt þeirri eftirspurn, verður að finna nýjar leiðir til þess að innlend viðarframleiðsla (með skógrækt) geti skilað afurðum með arðsömum hætti. Ein forsendan fyrir slíku er efling hnitmiðaðra rannsókna- og þróunarverkefna sem skila arðsamri og skilvirkri skógrækt.

2. Um sameiningu stofnana (liður b. í þingsályktunartillögu)

Starfsmenn benda á að um sameiningu Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins hefur áður verið fjallað í viðamikilli skýrslu sem tekin var saman af nefnd að beiðni Guðna Ágústssonar, þáv. landbúnaðarráðherra árið 2006⁴. Í starfi þeirrar nefndar var eingöngu fjallað um kosti og galla sameiningar þessara tveggja stofnana, en ekki fyrrnefndra tveggja stofnana við landshlutaverkefni fimm í skógrækt. Minnt skal á lokaorð þeirrar skýrslu, en þar stendur:

„Starfshópurinn telur að sú leið að sameina S.r. og L.r. gæti falið í sér mikinn ávinning fyrir málaflokka landgræðslu og skógræktar, en þeirri leið fylgi jafnframt mest hættu á því að illa fari ef vinna við undirbúning og framkvæmd er ekki vönduð og vel ígrunduð.“

F. h. starfsmanna Rannsóknastöðvar skógræktar – Mógilsá



Arnór Snorrason
starfandi forstöðumaður

³ „Stóraukin tækifæri í ræktun iðnviðar - Ráðgerðar kísilmálmverksmiðjur á Húsavík og í Helguvík þurfa gríðarmikinn trjávið“. Vefur Skógræktar ríkisins 16. jan. 2014.
<http://www.skogur.is/um-skograekt-rikisins/frettir/nr/1985>

⁴ Aðalsteinn Sigurgeirsson, Andrés Arnalds, Ágúst Sigurðsson, Ása L. Aradóttir, Björn Bj. Jónsson, Jón Loftsson, Níels Árni Lund, Sveinn Runólfsson, Þröstur Eysteinnsson (ritstjóri: Atli Már Ingólfsson). 2006. Skýrsla starfshóps landbúnaðarráðherra um kosti breytts skipulags í landgræðslu og skógrækt og um eflingu rannsókna á þeim sviðum. 52 bls.